

Persónuverndarstefna Greiðslustofu Lífeyrissjóða

A. Tilgangur og gildissvið

Eftirfarandi lýsir stefnu Greiðslustofu Lífeyrissjóða (kt. 500502-4280), Hlíðasmára 4, 201 Kópavogi, varðandi meðferð og vernd persónuupplýsinga einstaklinga, m.a. upplýsingar um það hvernig upplýsingum um einstaklinga er safnað, í hvaða tilgangi, hvernig þær eru geymdar og hvernig varðveisla þeirra og öryggi er tryggt.

Persónuverndarstefnan tekur mið af lögum um persónuvernd nr. 90/2018 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679 um persónuvernd, svo nefnd persónuverndarreglugerð (GDPR).

B. Skilgreiningar sem fram koma í persónuverndarstefnu þessari

- 1) **Persónuupplýsingar** eru sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling (skráðan einstakling); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.
- 2) **Viðkvæmar persónuupplýsingar** teljast:
 - a) Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, heimspekilega sannfæringu eða aðild að stéttarfélagi.
 - b) Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og sem gefa upplýsingar um heilsufar hans og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - c) Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
 - d) Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklingsins og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.
 - e) Lífkennaupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklingsins og gera kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, s.s. andlitsmyndir eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.
- 3) **Vinnsla** er aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, s.s. söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsetningu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging.

C. Starfsemi Greiðslustofu Lífeyrissjóða

Greiðslustofa Lífeyrissjóða er samstarfsvettvangur lífeyrissjóðanna Birtu, Gildis, Stapa, SL, Festu, Lífeyrissjóðs bænda, Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og Lífsverks og starfar skv. samstarfssamningi milli

sjóðanna sem gerður var í mars 2015. Einnig þjónustar Greiðslustofa lífeyrissjóða Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar.

Greiðslustofa lífeyrissjóða hefur milligöngu um greiðslu lífeyris til lífeyrisþega, útsendingu lífeyristilkynninga og að greiða staðgreiðsluskatt af lífeyrisgreiðslum til innheimtumanns hins opinbera, að annast umsýslu persónuafsláttar lífeyrisþega, að hafa umsjón með uppfærslu nafnaskrár lífeyrissjóða, að úrskurða lífeyri fyrir þá lífeyrissjóði sem þess óska og viðhalda úrskurðum og annast lögboðna upplýsingagjöf lífeyrissjóða til opinberra aðila, annast ársfjórðungslega tekjuathugun örorkulífeyrisþega ásamt gagnavinnslu og upplýsingagjöf í þágu sameiginlegra hagsmuna sjóðanna. Einnig vinnur Greiðslustofa lífeyrissjóða að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði.

Samkvæmt framansögðu vinnur GL persónuupplýsingar í þeim tilgangi að uppfylla skilyrði laga varðandi greiðslu og umsýslu lífeyris sem fram koma í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997 og í öðrum lagafyrirmælum, til að uppfylla samning við sjóðfélaga, eða til að gæta lögmætra hagsmuna rétthafa, sjóðfélaga eða viðkomandi lífeyrissjóðs.

D. Öflun og miðlun upplýsinga

Stefna GL er að vinnsla persónuupplýsinga fari fram með lögmætum, sanngjörnum og gegnsæjum hætti, þær séu fengnar í skýrt tilgreindum og lögmætum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum ósamræmanlegum tilgangi. Einnig að tryggja áreiðanleika og varðveislu persónuupplýsinga og að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggis sé gætt.

Vegna lífeyrisþega, sjóðfélaga eða umsækjenda lífeyris:

GL getur vegna starfsemi sinnar safnað eftirtöldum persónuupplýsingum:

- Samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, tölvupóstfang
- Bankareikning
- Upplýsingar um persónuaflát
- Læknisvottorð
- Örorkumat
- Tekjuupplýsingar
- Upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi
- Upplýsingar um greiðslu iðgjalda
- Úrskurði
- Hjúskaparvottorð
- Sambúðarvottorð
- Dánarvottorð
- Lífsvottorð barna
- Upplýsingar frá endurhæfingaraðilum
- Upplýsingar um fengna styrki, greiðslur, bætur og hlunnindi

Þessum persónuupplýsingum kann að vera safnað vegna umsókna og viðhalds lífeyris (t.d. elli-, örorku-, maka- eða barnalífeyri).

Persónugreinanlegum upplýsingum um sjóðsfélaga eða lífeyrisþega er aðeins deilt með viðkomandi einstaklingi gegn framvísun persónuskilríkja, í gegnum örugga gagnagátt (Signet), send í pósti á heimilisfang eða framvísað þriðja aðila skv. vottuðu umboði.

Vegna starfsmanna/ráðningar:

GL safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar vegna starfsmanna sinna. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka starfsmenn og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli viðfangsefnis hverju sinni.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem GL safnar um starfsmenn sína:

- nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, tölvupóstfang
- bankareikning
- mánaðarlaun (greiðslutímabil launa, orlofsréttur)
- lífeyrissjóður og vörsluaðili séreignarsparnaðar ef við á
- stéttarfélagsupplýsingar
- sakavottorð/læknisvottorð

Auk framangreindra upplýsinga, kann GL einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem starfsmenn láta sjóðnum sjálfir í té sem og upplýsingar sem eru sjóðnum nauðsynlegar vegna ráðningar hans.

Að meginstefnu til, aflar GL persónuupplýsingum beint frá umsækjendum. Í þeim tilvikum þar sem að persónuupplýsinga er aflað frá öðrum þriðju aðilum mun GL leitast við að upplýsa um slíkt.

Greiðslustofa lífeyrissjóða kann einnig að deila persónuupplýsingum til þriðju aðila, s.s. lífeyrissjóða, banka, trúnaðarlækna eða opinberra aðila (t.d. RSK og Tryggingastofnunar). Einnig gætu starfsmenn þjónustu- og hýsingaraðila haft aðgang að gögnum t.d. í gegnum þjónustur, gagnagrunna og netþjóna sem hýsa gögn GL. Samningar eru gerðir við alla hýsingar- og þjónustuaðila sem innihalda ákvæði um trúnað og meðferð persónuupplýsinga. Starfsmenn félagsins og aðrir sem hafa aðgang að húsnæði, gögnum eða kerfum GL hafa undirritað trúnaðaryfirlýsingu.

E. Varðveisla og öryggi persónuupplýsinga

Stefna GL er að vinna aðeins með þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sinna starfsemi þeirri sem lýst er hér að ofan í lið C og uppfylla þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Farið er með gögn sem innihalda persónugreinanlegar upplýsingar á þann hátt að öryggi þeirra er tryggt og hafa verið gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir sem taka mið af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar til að uppfylla kröfur laga um persónuvernd og vernda réttindi skráðra einstaklinga. Öryggisráðstafanirnar miða að því að afmarka vinnslu persónuupplýsinga við þann tilgang sem þeim var safnað til og að upplýsingarnar séu ekki nýttar í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi.

Persónuupplýsingar eru geymdar í þann tíma sem nauðsynlegur er til að uppfylla markmið þeirrar starfsemi sem lýst er í lið C. GL getur þó geymt upplýsingar lengur í tilteknum tilvikum, t.d. vegna lagafyrirmæla eða til að gæta lögmætra hagsmuna.

F. Réttur hins skráða

Greiðslustofa lífeyrissjóða virðir rétt skráðra einstaklinga til aðgangs að þeim persónuupplýsingum sem unnar eru hjá GL og varða hann sjálfan þegar GL er ábyrgðaraðili. Þá á skráður einstaklingur rétt á að láta leiðrétta, eyða, takmarka eða flytja persónuupplýsingar er varða hann sjálfan eins og nánar er mælt fyrir um í persónuverndarlöggjöf. Þegar GL er vinnsluaðili skal beina slíkum beiðnum til viðkomandi ábyrgðaraðila.

G. Öryggisbrot við vinnslu persónuupplýsinga og viðbrögð við þeim

Brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögþráttar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glattist, breytist, verði birtar aða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi eru meðhöndluð skv. skilgreindu verklagi um öryggisfrávik. Viðbrögð við öryggisbrotum við vinnslu persónuupplýsinga taka bæði til þeirra atvika sem gætu orðið hjá GL sem og hjá þeim vinnsluaðilum sem vinna með persónuupplýsingar.

H. Breytingar á persónuverndarstefnu og tengiliðir GL vegna persónuverndarmála

GL áskilur sér rétt til að uppfæra persónuverndarstefnu sína eftir því sem tilefni er til með það að markmiði að hún endurspegli starfsemi félagsins og taki mið af vinnslu persónuupplýsinga hverju sinni. Breytingar á persónuverndarstefnu taka gildi við samþykki þeirra af stjórn GL og er gildandi stefna hverju sinni birt á heimasíðu GL. Öllum fyrirspurnum eða eftir atvikum kvörtunum varðandi vinnslu og meðferð GL á persónuupplýsingum skal beint á netfangið personuvernd@greidslustofa.is

Persónuverndarstefna þessi gildir frá 13.október 2023